



Stjórn SSH 407. fundur

Mánudaginn 13. október 2014 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson og Haraldur Líndal Haraldsson.

Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir

Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fjárhagsáætlun 2015 v. svæðisskipulags höfuðborgarsvæðins.

Hrafnkell Proppé svæðisskipulagsstjóri sat fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir tillögu að fjárhagsáætlun 2015 fyrir svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Áætlunin tekur annars vegar til verkefnakostnaðar við að ljúka endanlega gerð svæðisskipulagsins og frágang vegna staðfestingar þess, og hins vegar tekur hún til reksturs og úrvinnslu þeirra verkefna sem gert er ráð fyrir í svæðisskipulagstillögunni að komi til vinnslu að staðfestingu lokinni.

Umræður

Niðurstaða:

Tillagan verður til umfjöllunar á fundi svæðisskipulagsnefndar 17. október nk., og kemur þaðan til formlegrar afgreiðslu stjórnar SSH og sveitarfélaganna.

2. Fjárhagsáætlun SSH 2015 og tillaga til aðalfundar að árgjaldi sveitarfélaganna 2015

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögu að fjárhagsáætlun 2015 fyrir SSH.

Tillagan byggir á sömu meginforsendum og undanfarin ár, þ.e. að rekstur skrifstofu verði að mestu borinn uppi af framlagi jöfnunarsjóðs, en árgjald sveitarfélaganna myndi verkefnaframlag ársins. Í tillögunni er gert ráð fyrir hækkun á árgjaldi sveitarfélaganna úr 30 kr. pr. íbúa í 40 kr. pr. íbúa.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti tillögu framkvæmdastjóra og að lagt verði til við aðalfund SSH að árgjald aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2015 verði 40 kr. pr. íbúa.

3. Aðalfundur SSH – dagskrá og undirbúningur.

Farið var yfir drög að dagskrá aðalfundar SSH 24. október 2014.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá endanlegri dagskrá í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:25